



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 11/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Alþýðusambandi Íslands
2. Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnafjarðarkaupstaðar
3. Lífeyrissjóður starfsmann Reykjavíkurborgar
4. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
5. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar
6. Lífeyrissjóði Neskaupstaðar
7. Landssamtökum Lífeyrissjóða
8. Seðlabanka Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 11/2012 varð að reglum nr. 180/2013 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Alþýðusamband Íslands	Almenn umsögn	<p>Fjármálaeftirlitið hefur nú útbúið drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða og mats á nægjanlegri þekkingu stjórnarmanna, sem settar eru með heimild í 1. og 8. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997. Alþýðusambandið hefur áður kallað eftir því að sett verði skýrari viðmið um framkvæmd þessara ákvæða laganna, en ekki verður séð að þessar reglur bæti miklu við lagatextann né skýri frekar á hvern hátt þær eru til fyllingar núverandi verklagsreglum FME frá febrúar 2010. Alþýðusambandið telur að í ljósi þeirra ríku almannahagsmuna sem bundnir eru við starfsemi lífeyrissjóðanna að eðlilegt sé að löggjafinn setji ákveðnar reglur og skilyrði um hæfi og þekkingu stjórna og stjórnenda þeirra. Að sama skapi telur Alþýðusambandið mikilvægt að þessar reglur og skilyrði séu samrýmanleg þeim kjarasambundna rétti, sem launafólk hefur til að velja sér sína fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Líkt og Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á í samskiptum sínum við Fjármálaeftirlitið er mikilvægt að fyrir liggja með skýrum hætti hvaða kröfur eru gerðar til stjórnenda lífeyrissjóða um faglegt hæfi og með hvaða hætti það er metið. Er það ekki síst mikilvægt í því skyni að samtökunum verði gert kleift að skilgreina og móta sérstakt nám þannig að unnt sé að leiðbeina og undirbúa bæði núverandi og væntanlega stjórnarmenn með sem bestum hætti undir þá miklu ábyrgð sem því fylgir að taka þetta verkefni að sér. Frá því að FME hóf að meta hæfni og þekkingu stjórnarmanna hefur Alþýðusambandið rætt við alla þá stjórnarmenn sem eru fulltrúar launafólks innan ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða og farið hafa á fund ráðgjafanefndarinnar. Einnig hefur verið rætt við fulltrúa atvinnurekenda. Samandregið má álykta af þessum samtölum að gera verður kröfu tillöggjafans og FME að skilgreint verði fyrirfram, hvaða efnislegu kröfur eru gerðar til stjórnarmanna í matinu. Þeim kröfum yrði m.a. mætt með því að einstaklingar gætu öðlast þá hæfni sem þarf, m.a. með þátttöku í skilgreindu námi líkt og gert er t.d. varðandi þá kröfu löggjafans að starfsmenn í sjóðsstýringu hafi tekið próf í verðbréfamiðlun. ÞÓ eðlilegt geti verið að FME hafi heimild til þess að sannreyna hvort einstaka stjórnarmenn hafi næga þekkingu með viðtali, er jafnframt mikilvægt að um slíkt viðtal sé einnig settur skýrari rammi. Núverandi fyrirkomulag vekur upp ýmsar spurningar um það hvert sé raunverulegt markmið matsins. Eins og málum er háttað nú er afar erfitt fyrir stjórnarmenn að undirbúa sig með fullnægjandi hætti og jafnvel fólk með talsverða reynslu og yfirsýn nægir ekki að leggja sig fram um að kynna sér helstu þætti er snúa að lögum og reglum til þess að teljast hæft til stjórnarsetu. Alþýðusambandið hafði fyrst frumkvæði í ágúst 2009 að því að óska eftir að FME skilgreindi hvaða efuislegu kröfur þeir gerðu til stjórnarmanna lífeyrissjóða varðandi þekkingu og reynslu í tengslum við mótun námsleiðar fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, en þeirri námsleið</p>

			<p>var m.a. ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í fyrrgreindri lagabreytingu. Í því sambandi lýsti ASÍ sig einnig reiðubúið til þess að eiga samstarfið FME um mótun slíkra formk:rafua og samhliða því námsleiðar til að uppfylla þau skilyrði. Svar FME við þessu erindi var á þá leið að ekki væri unnt að segja til um hæfiskröfur en litið yrði til þess ef stjórnarmenn hefðu sótt námsleiðina við mat á hæfi.</p> <p>Á fundi forystumanna ASÍ og SA með forstjóra FME og deildarstjóra lífeyrisdeildar í janúar 2011 var það sameiginlegur skilningur manna að ekki stæði til að gera kröfur til stjórnarmanna lífeyrissjóða, sem væru með þeim hætti, að almennu launafólki yrði gert ókleift að gæta hagsmuna sinna sjálft. Aðilar voru sammála um að móta þurfi skilyrði hvað varðar þekkingu og reynslu sem stjórnarmenn þurfa að búa yfir til að geta sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.</p> <p>Así hefur lagt sig í líma við að eiga samræður við eftirlitsaðilann um málið og fá hann til samráðs og samstarfs þannig að unnt sé að undirbúa stjórnarmenn með sem bestum hætti og tryggja að þeir hafi yfirsýn yfir þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Þetta hefur litlum árangri skilað og er ótækt.</p>
2	Alþýðusamband Íslands	1.mgr. 6.gr.	<p>Í 1. mgr. 6.gr. reglnanna segir: <i>Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á starfsemi lífeyrissjóðs.</i></p> <p>Líkt og Alþýðusambandið hefur áður bent á hefur hvorki löggjafinn né FME skilgreint nánar hvað telst vera nægileg þekking og starfsreynsla til að geta gegnt starfi stjórnarmanns í lífeyrissjóði á tilhlýðilegan hátt í skilningi 4 mgr. 31.gr.laga nr.129/1997. Ekki verður heldur ráðið af lögskýringargögnum hvað felst í umræddu orðalagi. Ákvæði reglnanna er sama marki brennt, ekki verður ráðið af reglunum hvaða faglegu hæfiskröfur eru gerðar til stjórnarmanna lífeyrissjóða.</p>
3	Alþýðusamband Íslands	5.mgr. 6.gr.	<p>Í 5. mgr. 6. gr. reglnanna segir: <i>Við mat á nægilegri þekkingu og reynslu er jafnframt höfð hliðsjón af umfangi reksturs þess lífeyrissjóðs sem um ræðir.</i></p> <p>Alþýðusambandið telur að gjalda beri varhug við því að gera misrikar kröfur til faglegrar hæfni framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Í reglunum er ekki leitast við að skýra á neinn hátt hvenær forsvaranlegt getur verið að gera vægari kröfur til faglegrar hæfui á grundvelli umfangs reksturs lífeyrissjóða. Í þessu sambandi er rétt að benda á að ekki eru gerðar misrikar kröfur til stjórnarmanna né heldur að því er lýtur að skýrsluskilum og upplýsingagjöf lífeyrissjóða til Fjármálaeftirlitsins</p>
4	Alþýðusamband Íslands	1.mgr. 15.gr	<p>Í 1. mgr. 15. gr. reglnanna segir: <i>Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli gangast undir munnlegt hæfismat.</i></p>

			<p>Alþýðusambandið telur ákvæðið of opið. Engin tilraun er gerð til að skýra í reglunum við hvað Fjármálaeftirlitið styðst við mat á því hvort stjórnarmenn skuli gangast undir munnlegt hæfismat.</p> <p>Gera verður þá kröfu til eftirlitsstofnana við túlkun laga, þegar gripið er inn í kjarasamningsbundinn rétt launafólks með þeim hætti sem hér er gert, að skilgreint sé með skýrum hætti hvaða efnislegu kröfur gerðar eru til stjórnarmanna lífeyrissjóða og hvernig mati á þekkingu stjórnarmanna er háttað. Í því sambandi telur Alþýðusambandið ekki ljóst með vísan til 3. mgr. 15. gr. reglnanna, hvaða ákvæði IV. kafla þeirra geta átt við faglegt hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða.</p>
5	Alþýðusamband Íslands	3.mgr. 18.gr.	<p>Í 3. mgr. 18. gr. reglnanna segir: <i>Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar til að mynda þegar langt er liðið síðan hæfi aðila var metið eða þegar aðstæður hafa breyst.</i></p> <p>Alþýðusambandið telur að málefnalegar ástæður verði að liggja til grundvallar ákvörðun FME um endurmat á hæfi stjórnarmanna á hvetjum tíma. Vandséð er að mati Alþýðusambandsins að ákvörðunarástæða fyrir slíku endurmati geti til að mynda einvörðungu byggt á því að langt sé um liðið frá því hæfismat fór síðast fram.</p> <p>Stjórnarmenn lífeyrissjóðanna eru valdir sem fulltrúar félagsmanna þeirra aðildarsamtaka sem að sjóðunum standa. Launafólk velur í gegnum stéttarfélag sín með lýðræðislegum hætti þá fulltrúa sem það treystir til að gæta hagsmuna sinna í sjóðunum. Þó sjálfsagt sé eins og áður sagði, m.a. í ljósi þeirra ríku almannahagsmuna sem um ræðir, að löggjafinn setji áveðin skilyrði um hæfi og þekkingu stjórnarmanna lífeyrissjóða, er það afdráttarlaus afstaða Alþýðusambandsins að þetta þarf að samræmast þeim kjarasamningsbundna rétti sem launafólk hefur til að velja sér sína hagsmunagæsluáðila í stjórnnum lífeyrissjóða. Þessi réttur er m.a. varinn af alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist gagnvart samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um rétt launafólks til þess að gæta sinna hagsmuna.</p> <p>Alþýðusambandið ítrekar ósk sína um náð samstarf við FME um mótun skýrari reglna um hvað telst vera tilhlýðileg þekking stjórnarmanna sem og uppsetningu sérstakrar námskrár sem gera mun einstaklingum kleift að uppfylla slíkar kröfur með námi. Jafnframt mun Alþýðusambandið beina því til stjórnvalda og Alþingis að umrædd ákvæði laganna verði skýrð nánar með hliðsjón afþessu.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
6	Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnafjarðarkaupstaðar	9.gr.	Þann 21. nóvember sl. var umræðuskjalið tekið fyrir á stjórnarfundi hjá Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnafjarðarkaupstaðar og var eftirfarandi bókun gerð:

			<p>Breytt drög að reglum um framkv. hæfismats framkv.stjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða Lögð voru fram til fróðleiks breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða, dags. 12.11.12, ásamt umræðuskjali nr. 11/2012 og excel skjali vegna upplýsingagjafar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Umræður.</p> <p>Stjórn ESH telur að að drög að nýjum reglum um hæfismat stjórnarmanna nái langt út fyrir það sem eðlilegt getur talist. Stjórnarmenn hafa gefið út yfirlýsingar varðandi fjárhagslegt sjálfstæði sitt og í stað þessa spurningalista gæti FME óskað eftir staðfestum skattframtölum stjórnarmanna.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
7	Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	9. gr.	<p>Þann 20. nóvember sl. var umræðuskjalið á dagskrá á stjórnarfundum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og var eftirfarandi bókun gerð:</p> <p>Breytt drög að reglum um framkv. hæfismats framkv.stjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða Lögð voru fram til fróðleiks breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða, dags. 12.11.12, ásamt umræðuskjali nr. 11/2012 og excel skjali vegna upplýsingagjafar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Umræður.</p> <p>Stjórn telur að farið sé fram á full ítarlegar upplýsingar og bendir á þann möguleika að Fjármálaeftirlitið fái aðgang að skattframtölum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
8	Landssamtök lífeyrissjóða	Almenn umsögn	<p>Fjármálaeftirlitið (FME) sendi með tölvupósti út dreifibréf dags. 12. þessa mánaðar þar sem óskað var umsagnar um breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða. Í bréfinu er þess óskað að vegna umsagnarinnar verði notast við eyðublað sem er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Landssamtök lífeyrissjóða (LL) sendu inn umsögn dags. 16. maí sl. við upphafleg drög, sbr. dreifibréf dags. 27. apríl sl. í umsögn þessari er einkum vísað til umsagnar LL frá 16. maí. Því er ekki stuðst við það form sem vonandi kemur ekki að sök.</p>

			<p>Þegar hin breyttu drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða eru borin saman við hin fyrri virðist ekki mikið vera um breytingar. LL þykir miður að lítið hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem fram koma í umsögn LL dags. 16. maí sl. Allar sömu athugasemdir og þar koma fram eiga því við um breyttu drögin sem nú eru send til umsagnar og því vísast til þess er þar segir, sbr. hjálagt afrit.</p> <p>Hjá LL hefur ekki farið fram formleg könnun á afstöðu stjórnarmanna til þess fyrirkomulags sem lagt er til að viðhaft verði við skil á upplýsingum í tengslum við mat á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna lífeyrissjóða. Niðurstaða samtala og óformlegrar könnunar er hins vegar sú að nokkuð rík óánægja er með það form sem lagt er upp með. Þykir þar gengið of langt í upplýsingaöflun auk þess sem framgangurinn sé umfangsmeiri en nauðsynlegt verður að telja. Spurningar hafa vaknað um hvort ekki sé fullnægjandi að stjórnarmaður sendi afrit skattframtala enda gefa þau glögga mynd af tekjum sem og eigna- og skuldastöðu. Hvað yfirlit yfir ábyrgðir varðar verður að telja að nægjanlegt sé að tilgreina ábyrgðir aðrar en þær sem teljast til hefðbundinna ábyrgða vegna maka og barna, s.s. ábyrgðir fyrir námslán og hlaupareikningslánnum. Í því sambandi er verið að vísa til svipaðrar nálgunar og er gert er ráð fyrir í formi 4/4 "Listi yfir lán aðila önnur en hefðbundin lán sem standa almenningi til boða, t.d. íbúðarlán, bílalán og námslán."</p> <p>LLvilja að öðru leyti vísa til umsagnar um hin fyrri drög og leggja áherslu á að umfangsmikil skýrsluskil þar sem m.a. er óskað eftir upplýsingum um hefðbundnar ábyrgðir sem stjórnarmaður kann að hafa gengist í fyrir maka eða börn, kunna að hafa óæskileg fælingaráhrif og gert það enn erfiðara en ella að fá hæft folk sem iðulega er umsetið til að gefa kost á sér til stjórnarsetu. Því leggja LL á það áherslu að FME yfirfari drögin með það í huga að ekki sé gengið lengra í þessum efnun en nauðsynlegt getur talist.</p>
9	Landssamtök lífeyrissjóða	Almenn umsögn	<p>Fjármálaálaeftirfítið (FME) kynnti til umsagnar með dreifibréfi dags. 27. apríl 2012 drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða. Þar er vísað til 31. gr. laga nr. 129/1997 og þess að höfð hafi verið hliðsjón af reglum nr. 621/2011 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja sem og reglum nr. 1066/2011 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórna rrmanna váttryggingarfélaga.</p> <p>LL þakka fyrir að fátækifæri til að kom að sjónarmiðum samtakanna við framangreind drög. Mikilvægt er að tryggt verði sem best að í stjórnnum lífeyrissjóða sitji hæfir einstaklingar og gegnir eftirlit FME þar veigamiklu hlutverki. Innan lífeyrissjóðanna hefur farið fram mikil umræða um hvernig best er að standa að hæfismati stjórnarmanna með það að markmiði að tryggja nauðsynlegt hæfi þeirra en um leið skilvirkni og að forðast að framkvæmdin dragi hug úr hæfum</p>

		<p>einstaklingum til að gefa kost á sér til stjórnarsetu í stjórnun lífeyrissjóða. Í þessu sambandi er rétt að áréttu að val á stjórnarmönnum er með mjög misjöfnum hætti. Í sumum tilvikum eru stjórnarmenn kosnir beinni konstningu og í öðrum tilvikum byggir val þeirra á tilnefningum tiltekinna aðila (fulltrúarlýðræði). Með vísan til forsögu lífeyrissjóðanna, meðh vaða hætti til kerfsins var stofnað og að að þeim eiga aðild þorri einstaklinga yfir 16 ára aldri er mikilvægt að tryggja sem best að stjórn þeirra sé skipuð einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn um leið go leitast er við tryggja hæfi go hæfni þessara sem best.</p> <p>Innan LL er einhugur um að sú aðferð að vera með munnlegt könnunarviðtal á hvern á einn stjórnarmann sé ekki vænleg leið til að tryggja það markmið sem að er stefn. Nú eþgar hafa komið upp tilvik þar sem mjög vel hæft folk hefur ekkiv iljað gefa kost á sér í stjórn lífeyrissjóðs, einkum vegna þess að nokkurra klukkustunda könnunarviðtal hefur mikil fælningaráhrif. Því hefur verið velt upp hvort ekki færi betur á því að haldið yrði skyldunamskeið fyrir alla nýja stjórnarmenn.Æskilegt væri að að slíkt námskeið yrði tekið út af FME til að tryggja að þar væri farið yfir alla þá þætti sem máli skipta. Við lok námskeiðs væri unnt að hafa markvisst krossapróf sem hefði einkum það markmið að staðreyna að viðkomandi einstaklingur hafi meðtekið efni námskeiðsins. Einnig væri eðlilegt að stjórnun lífeyrissjóða væri gert að setja sér símenntunaráætlun fyrir stjórnarmenn sem FME tæki út. Framangreint verklag ætti, að ná. þeim markmiðum að tryggja vel nauðsynlega þekkingu og hæfni stjórnarmanna auk þess að spara umtalsverða fjármuni enda fyrirséða ð núverandi framkvæmd er bæði tafsöm og kostnaðarsöm. Í þessu sambandi skal bent a að stjórnir lífeyrissjóða eru ætíð að endurnýjast þar sem flestir eru kosnir eða tilnefndir til 2-3 ára í senn. Landssamtök Lífeyrissjóða (LL) eru fús til að koma að útfærslu og framkvæmd ofangreindrar leiðar.</p>
10	Landssamtök lífeyrissjóða	<p>3. gr.</p> <p>Í 1. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að lífeyrissjóður skuli tilkynna FME, fyrirfram ef hægt er, um skipan og síðari breytingar a framkvæmdastjóra og stjórn. í þessu sambandi vilja LL vekja athygly á því að í 28. gr. Isjl. er mælt fyrir um að lífeyrissjóður skuli tilkynna FME umb reytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er í engu vikið að því að slíkt skuli gera fyrirfram. Þó hafa megi skilning á því að ákveðið hagræði sé í því fólgið fyrir eftirlitsaðila fá upplýsingar um slíkar breytingar fyrirfram er ekki eðlilegt að mæla fyrir um slíka skyldu í leiðbeinandi tilmælum. Byggir það á lögmætisreglunni.</p> <p>Varðandi a-, b- og e- lið 1.mgr. 3.gr. þá væri æskilegt að visa til þess hvar form fyrir upplýsingagjöf era ð finna t.d: ‘... á formum sem aðgengileg eru á vef Fjármálaeftirlitisins.</p> <p>Í 1. mgr. er vísað til kosningu nýrra stjórnarmanna. í þessu sambandi er rétt að benda á að það fer eftir samþykktum hvers sjóðs hvernig stjórnarmenn eru valdir. Í sumum tilvikum er um kosningu að ræða en í öðrum tilvikum eru stjórnarmenn tilnefndir af tilnefningaraðilum. Þá getur</p>

			<p>verið blanda af þessu tvennu hjá einum og sama sjóðnum.</p> <p>Í 3. mgr.3. gr. væri eðlilegt að víkja að leiðbeiningarhlutverki FME skv. stjórnarsýslulögum. Málsgreinin gæti orðast svo: "Ef upplýsingar samkvæmt framangreindu eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins upplýsir eftirlitið hlutaðeigandi um það hvaða upplýsingar vantar eða að hvaða marki þær teljast ófullnægjandi. Ef ekki er orðið við leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins getur það leitt til þess að ekki verði unnt a öleggja mat á hæfi aðila og fer um það samkvæmt 17.gr reglna þessara."</p>
11	Landssamtök lífeyrissjóða	6.gr.	<p>Í framangreindu dreifibréfi er vísað til þess að reglur Um mat á stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja hafi verið hafðar til hliðsjónar við gerð draga að reglum þessum.Í því sambandi vill LL benda á að í lögum um fjáramálafyrirtæki er gerð krafa um að stjórnarmenn hafi lokið háskólapróf sem nýtsit í starfi sbr. 3.mgr. 52.gr. laganna. Í lögum nr. 129/1997 er hins vegar ekki geður áskilnaður um að stjórnmenn lífeyrissjóða hafi slíkt próf.Í þessu birtist ákveðin afstaða löggjafans sem rétt og eðlilegt er að taka mið af við mótun á kröfum til þekkingar stjórnarmann lífeyrissjóða</p> <p>Með hliðjón af því að ekki eru gerðar sérstakar kröfur um menntun stjórnamanna lífeyrissjóða og uppbyggingar greinarinnar almennt er í 3. mgr. 6.gr væntanlega verið að visa til framkvæmdastjóra. Því væri eðlilegt að greining væri svohljóðandi: "Með menntun framkvæmdastjóra er átt við að...."</p>
12	Landssamtök lífeyrissjóða	7.gr.	<p>Eðlilegt er að gerðar séu ríkar kröfur til framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Hins vegar verður að gæta þess að slíkt mat sé ekki um of huglægt. Því er rétt að slíkt mat byggi á niðurstöðu í dómsmáli eða endanlegu stjórnarsýsluúrskurði.</p>
13	Landssamtök lífeyrissjóða	9.gr.	<p>C-liður er mjög opinn og óeðlilega matskenndur, sbr. m.a, sjónarmið varðandi.gr. 7..</p>
14	Landssamtök lífeyrissjóða	15. gr.	<p>Í 1. mgr, er eðlilegt að fram komi einhverjar vísireglur um það á hvaða grundvelli mát FME muni byggjast. Ef gert er ráð fyrir munnlegu hæfismati er eðilegt að slíkt hæfismat einskorðist við aðalmenn. Þó geti FME boðað varamenn í slíkt mat við ákveðnar aðstæður t.d. ef varamaður tekur virkan þátt í stjórn sjóðsins.</p>
15	Landssamtök lífeyrissjóða	17. gr.	<p>LL áréttar það að lagagrundvöllur fyrir mati á þekkingu stjórnarmanna lífeyrissjóða annars vegar og fjármálafyrirtækja hins vegar er ekki alveg sá sami þar sem ekki er gerð krafa um að stjórnarmenn lífeyrissjóða hafi háskólapróf sern nýtist í starfi. Þá er eðli og uppbygging eiginfjár og skuldbindinga lífeyrissjóða mjög frábrugðin til að mynd viðskipta og fjárfestingabanka. Að</p>

			<p>Þessu sögðu draga samtökin ekki úr því að stjórnarmenn í lífeyrissjóðum bera ríka ábyrgð og skyldur og þurfa að hafa til að bera ákveðna þekkingu og reynslu.</p> <p>Við mat á hæfi stjórnarmanna er eðlilegt að líta til þess að stjórn er fjölskipuð og því hefur sameiginleg þekking stjórnarmanna ákveðið vægi og þýðingu við mat á þekkingu hvers og eins.</p> <p>Í drögum að reglunum er ekki vikið að því á hvaða grundvelli þakkeingarmat byggist. Hins vegar er mjög æskilegt að þær kröfur séu eins fyrirsjáanlegar og kostur er.</p> <p>Þá er ekki vikið að því meðhvaða hætti stjórnarmenn eigi rétt á endurmat ef þekking þeirra er einu síni metin ófullnægjandi. Það verður að telja að það leiði af gildandi lagaákvæðum og eðli máls að stjórnarmaður eigi með eðlilegum fyrirvara rétt á endurmati á þekkingu sinni. Enda er það fyrst og fremst tilgangur krafna um þekkingu stjórnarmanna að tryggja að þeir hafi til að bera nægjanlega þekkingu til að geta sinnt skyldum sínum sem stjórnarmenn á forsvaranlegan hátt.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
16	Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	Almenn umsögn	<p>Þann 22. nóvember sl. var umræðuskjalið tekið fyrir á stjórnarfundum Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og var eftirfarandi bókun gerð:</p> <p>Breytt drög að reglum um framkv. hæfismats framkv.stjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða Lögð voru fram til fróðleiks breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða, dags. 12.11.12, ásamt umræðuskjali nr. 11/2012 og excel skjali vegna upplýsingagjafar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Umræður.</p> <p>Stjórn LsN telur að drög að nýjum reglum um hæfismat stjórnarmanna nái langt út fyrir það sem eðlilegt getur talist og stofnunin geti fært efnisleg rök fyrir. Eftirlitsstofnun sem hafi jafn víðtækar heimildir og Fjármálaeftirlitið verði að gæta eðlilegs meðalhófs í kröfum sínum eftir eðli starfsemi fjármálafyrirtækja og umfangs þeirra þá sérstaklega hvað varðar upplýsingar og kröfur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna.</p> <p>Stjórnarmenn hafa gefið út yfirlýsingar varðandi fjárhagslegt sjálfstæði sitt og í stað þessa spurningalista gæti FME óskað eftir staðfestum skattframtölum stjórnarmanna sem gangi þó mjög nærri eðlilegri persónuvernd. Óskað er eftir nánari rökstuðningi Fjármálaeftirlitsins fyrir þeirri brýnu þörf stofnunarinnar að fá þessar upplýsingar um stjórnarmenn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og mati stofnunarinnar á þeirri áhættu sem falist geti í hæfi einstakra stjórnarmanna við tilgreind</p>

			viðmið eftirlitsins og þá við hvaða mælikvarða sé stuðst til að hætta sé á að ákvarðanir stjórnarmanna gangi í berhögg við hag lífeyrisþega og eigenda sjóðsins.
17	Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	9.gr	(sjá umsögn í almennri umsögn) Stjórnarmenn hafa gefið út yfirlýsingar varðandi fjárhagslegt sjálfstæði sitt og í stað þessa spurningalista gæti FME óskað eftir staðfestum skattframtölum stjórnarmanna sem gangi þó mjög nærri eðlilegri persónuvernd. Óskað er eftir nánari rökstuðningi Fjármálaeftirlitsins fyrir þeirri brýnu þörf stofnunarinnar að fá þessar upplýsingar um stjórnarmenn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og mati stofnunarinnar á þeirri áhættu sem falist geti í hæfi einstakra stjórnarmanna við tilgreind viðmið eftirlitsins og þá við hvaða mælikvarða sé stuðst til að hætta sé á að ákvarðanir stjórnarmanna gangi í berhögg við hag lífeyrisþega og eigenda sjóðsins.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
	Lífeyrissjóður starfsmann Reykjavíkurborgar,	9. gr.	Þann 21. nóvember sl. var umræðuskjalið á dagskrá hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og var eftirfarandi bókun gerð: Breytt drög að reglum um framkv. hæfismats framkv.stjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða Lögð voru fram til fróðleiks breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmda-stjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða, dags. 12.11.12, ásamt umræðuskjali nr. 11/2012 og excel skjali vegna upplýsingagjafar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Umræður. Stjórn LsRb telur að að drög að nýjum reglum um hæfismat stjórnarmanna nái langt út fyrir það sem eðlilegt getur talist. Stjórnarmenn hafa gefið út yfirlýsingar varðandi fjárhagslegt sjálfstæði sitt og í stað þessa spurningalista gæti FME óskað eftir staðfestum skattframtölum stjórnarmanna.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
18	Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar		Þann 26. nóvember sl. var umræðuskjalið tekið fyrir á stjórnarfundi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar og var eftirfarandi bókun gerð: Breytt drög að reglum um framkv. hæfismats framkv.stjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða Lögð voru fram til fróðleiks breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða, dags. 12.11.12, ásamt umræðuskjali nr. 11/2012 og excel skjali vegna upplýsingagjafar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Umræður.

			Stjórn LSK telur að að drög að nýjum reglum um hæfismat stjórnarmanna nái langt út fyrir það sem eðlilegt getur talist. Stjórnarmenn hafa gefið út yfirlýsingar varðandi fjárhagslegt sjálfstæði sitt og í stað þessa spurningalista gæti FME óskað eftir staðfestum skattframtölum stjórnarmanna.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
19	Seðlabanki Íslands	Almenn umsögn	Með bréfi dag.12. nóvember 2012 gaf FME Seðlabanka Íslands kost á því að koma á framfæri athugasemdum við breytt drög að reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða. Tekið var fram að vegna ákvörðunar persónuverndar nr. 2011/1158 hafi Fjármálaeftirlitið endurskoðað ákvæði reglna um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna váttryggingafélaga og fjármálafyrirtækja en einnig hafi orðalag í ákvæði um viðvarandi mat á hæfi verið endurskoðaða. Jafnframt tilgreinir Fjármálaeftirlitið að nýjar reglur um framangreint hafi tekið gildi varðandi váttryggingagafélög og fjármálafyrirtæki (reglur nr. 886/2012 vegna váttryggingarfélaga og reglur nr. 887/2012 vegna fjármálafyrirtækja) Ljóst er að breytingar á reglum um framkvæmd hæfismat framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða eru settar fram til þessa þ gæta samræmi í reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlisskyldra aðila. Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við drögin